

og fyrir þennan dag, og að fyrir því hafi átt að greiða aukagjald samkvæmt lögnum af áminstum tollskyldum vörum, en með lögnum var tollgjald einmitt hækkað á þeim. Samkvæmt þessu verður að fella fógetaúrskurðinn úr gildi, og leggja fyrir fógétann á Akureyri að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, en eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felður og ber fógétanum í Akureyrarkaupstað að framkvæma hina umkröfðu lögtaksgjörð hjá stefnda, etazráði J. V. Havsteen. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 45/1910:

Réttvísingegn

Steingrími Benediktssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. júní þ. á., var hinn ákærði, skósmiður Steingrímur Benediktsson á Ísafirði, dæmdur fyrir innbrotspjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirrettarins eftir ósk hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða, sem er í samræmi við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann stal peningum í síðastliðnum janúarmánuði úr verzlunarbúð Edinborgarverzlunar á Ísafirði, og framdi innbrot til þess; en búðin virðist hafa verið íbúðarlaus; ákærði hafði tekið eftir því, að rúða var sprungin í búðarglugganum og voru brotin gengin á víxl; ásetti hann sér því að fara inn um gluggann og afla sér peninga með því að taka þá úr peningaskúffunni í búðinni; nótt eina, undir miðnættisbil, um miðjan janúarmánuð síðastliðinn, fór hann þar að búðinni, er gluggarúðan var sprungin, náði rúðubrotunum úr glugganum, smokkaði hendinni inn um opið, krækti glugganum upp, og fór inn um gluggaopið; gekk síðan beint að peningaskúffunni í búðarborðinu, er var opin að sögn ákærða, og tók peninga þá, er þar voru, 5eyringa, 10eyringa, 25eyringa og einn krónu-pening, alls 10—12 krónur; fór síðan sömu leið út úr búðinni aftur; tók sokk, er hann fann undir þvottasnúru, lét peningana í sokkinn og fól þá í sjávargarði þar nálægt. Daginn eftir varð uppvíst um þjófnaðinn, og er hann var borinn á ákærða, kannaðist hann við hann, sótti sokkinn með peningunum og skilaði eigandanum þeim aftur.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp. Afbrot ákærða, sem að framan er lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 231. gr., 4 tölulið, almennt hegningarlaga, og þar sem refsingin þykir hæfilega ákveðin í undirdóminum 8 mánaða betrunarhússvinna, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkt, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum.

Akærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Steingrímur Benediktsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. dag septembermán.

Nr. 30/1910:

J. P. Brillouin konsúll
gegn

Jóni Jenssyni yfirdómara.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. marz þ. á., var Jóni Jenssyni yfirdómara dæmdur réttur til afnota af veginum frá Laugavegi niður að lóð hins